

SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Skálatún.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Skálatún, kt. 580269-5089, og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang Skálatúns er við Skálahlíð, Mosfellsbæ.

3. gr.

Markmið.

Markmið Skálatúns er að þjónusta fólk með þroskahömlun sem þörf er fyrir hverju sinni. Þjónustan er í formi búsetu, dagþjónustu, reksturs vinnustofu, hvíldarinnlagna og skammtíamavistana fyrir fólk með fötlun.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi Skálatúns þann 30. janúar 1954 var Góðtemplarareglan IOGT. (Þá hét heimilið Barnaheimili templara). Árið 1958 kom Styrktarfélag vangefinna (nú Ás, styrktarfélag) til samstarfs sem 50% aðili að Skálatúni, en samkvæmt eldri skipulagsskrá tilnefndi landlæknir formann stjórnar. Ás, styrktarfélag, hefur nú sagt sig frá rekstri Skálatúns.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé Skálatúns eru eignir sem tiltekna voru í 3. gr. skipulagsskrár nr. 86/1946. Í dag er stofnféð kr. 1.000.000. Skálatún ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er stofnunin kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérrettindi í sjálfseignarstofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn Skálatúns skipa 5 menn til 4 ára í senn. Bindindissamtökin IOGT á Íslandi tilnefna alla 5 stjórnarmenn Skálatúns.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda eða felur framkvæmdastjóra það verk. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 31. maí ár hvert. Að aðalfundi loknum skal stjórnin senda reikninga til Bindindissamtakanna IOGT og félagsmálaráðuneytis, auk Mosfellsbæjar og Ríkisendurskoðunar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn Skálatúns er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur Skálatúns sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn Skálatúns skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga heimilisins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna heimilisins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið.

11. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina Skálatún annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna Skálatúns. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

12. gr.

Önnur ákvæði.

Verði tekjuafgangur af starfsemi Skálatúns rennur hann í varasjóð og til uppbyggingar. Sama gildir um aðrar tekjur er Skálatúni kunna að áskotnast, hvort heldur er af opinberu fé eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

Eigi má selja fasteignir Skálatúns, binda þær veðböndum, né kaupa eða byggja slíkar eignir er leggjast til Skálatúns, nema meirihluti stjórnar samþykki á tveimur fundum í röð.

Verði ekki lengur þörf fyrir rekstur Skálatúns í núverandi eða breyttu formi, eða rekstur Skálatúns leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Bindindissamtökin IOGT telji sér ekki fært að reka Skálatún eða samtökin hætta störfum, verða eignir Skálatúns eftir sem áður eign sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns. Séð verði til þess að eignir Skálatúns nýtist fólki með þroskahömlun og til dvalar/hjúkrunar eldri borgara eftir því sem best hentar á hverjum tíma. Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Við staðfestingu á skipulagsskránni fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 720/2012, með síðari breytingum nr. 830/2016 og 147/2019.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 15. maí 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.